

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

BÆNDAHÖLL • 107 REYKJAVÍK • SÍMAR 91-29899, 630325, 630300 • KT. 710169-3579



Stofnað 1949

10. fundur stjórnar L.H. haldinn í Bændahöll í Reykjavík 28. júní 1995

Formaður setti fund kl. 20:15 og bauð fundarmenn velkomna.

Mættir voru:

Guðmundur Jónsson, Guðbrandur Kjartansson, Sigfús Guðmundsson, Kristmundur Halldórsson, Halldór Gunnarsson, Sigbjörn Björnsson, Jón Bergsson var í símasambandi.

1. Staðarval landsmótsins 1998.

Formaður hóf umræðu um málið og síðan skýrðu stjórnarmenn sjónarmið sín varðandi ákvörðun um staðarvalið.

Eftir ýtarlegar umfjöllun um málið fór fram atkvæðagreiðsla um staðarvalið.

Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar varð þessi:

Melgerðismelar 4 atkvæði.

Vindheimamelar 3 atkvæði.

Eftirfarandi greinargerð verður send fjölmöldum:

Tilkynning um val á landsmótsstað fyrir árið 1998

Stjórn Landssambands hestamannafélaga hefur á fundi sínum hinn 28.6.95. ákvörðið að landsmót hestamanna 1998 verði haldið á Melgerðismelum í Eyjafirði.

Ákvörðun þessi er tekin í ljósi eftirfarandi:

- 1) Ákvörðunin tengist fyrirhugaðri fjölgun landsmóta.
- 2) Eigendur Melgerðismela hafa skuldbundið sig til að byggja upp fullnægjandi aðstöðu fyrir landsmót hestamanna og enn fremur að nýta það tækifæri sem býðst nú með loforði Akureyrarbæjar og Eyjafjarðarsveitar um fjárvstuðning við uppbyggingu Melgerðismela að upphæð 10 milljónir.
- 3) Gefa fleiri aðilum tækifæri til að byggja upp móttssvæði fyrir stórmótahald.
- 4) Taka tillit til félagslegra sjónarmiða ekki síður en fjárhagslegra.

Eins og kunnugt er buðu eyfirsku félögin Melgerðismela og skagfirska félögin Vindheimamela undir næsta landsmót L.H. 1998. Málið hefur verið til umfjöllunar í stjórn L.H. undanfarna mánuði. Af ýmsum ástæðum var ekki hægt að koma því við að skoða móttssvæðin fyrr en 23. og 24. júní s.l. Sömu daga fóru fram viðræður milli stjórnar L.H. og forsvarsmana móttssvæðanna.

Á undanförnum árum hafa landsþing L.H. ekki viljað beita sér í að ákvarða um fjölda landsmótsstaða eða staðsetningu landsmóta heldur vísað því í hendur stjórnar L.H. að taka þessa ákvörðun, sem ávallt er umdeilanleg. Samkvæmt lögum og reglum L.H. ber stjórn skylda til að ákvarða val á landsmótsstað innan 12 mánaða frá síðasta landsmóti.